

EBK ehf. - Eldsneytisbirgðastöð Keflavíkurflugvelli
Keflavíkurflugvelli
235 Keflavíkurflugvöllur

Akureyri, 13. ágúst 2021
UST202103-087/G.S.Á.
08.06.02

Varðar þrýstiprófanir á afgreiðslukerfi frá Helguvíkurstöð að móttökustöð EBK í birgðastöðinni á Keflavíkurflugvelli.

Umhverfisstofnun bárust þann 14. júní sl. niðurstöður þrýstiprófunar á lögnum í afgreiðslukerfi frá Helguvíkurstöð að móttökustöðvum Fuel East og EBK. Prófað var frá tengipunktum í lokabrunni 14 í Helguvíkurstöð (lokar 114.1 og 114.9) að inndælingarloka í tæknirými Fuel East (lokar 02.041; 02.005 og 02.026) og að inndælingarloka í dæluhúsi EBK stöðvar (lokar 10.01 og 62.03). Fastanúmer og stærð lagnanna koma fram í meðfylgjandi prófunarskýrslu.

Oliudreifing ehf. sá um prófunina. Prófunin fór fram þann 21. apríl 2020. Þrýstingi var lyft upp í prófunarþrýsting, yfir 12 bör og prófað í 4 klst. Þrýstingsbreytingar voru mældar með sírita og skráðar á um 15 mínútna fresti. Hitastig var um 7°C á meðan prófun stóð. Lagnirnar eru stállagnir og er kerfið að mestu leiti niðurgrafið.

Meðfylgjandi eru samantektarblöð um prófanir. **Lögnin stóðst prófanirnar.**

Umhverfisstofnun samþykkir áframhaldandi notkun á lögnum. Þrýstiprófa skal að lágmarki á fimm ára fresti.

Virðingarfyllst,

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur

Halla Einarsdóttir
teymisstjóri